

FUNDARGERÐ

11. Fundar stjórnar þjónustuvæðis vegna málefna fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Fundarstaður: Ráðhús Árborgar Selfossi

Fundartími: Miðvikudagurinn 8. apríl 2015 kl. 14.00

Mættir: Stjórnarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Ásgeir Magnússon, en auk þeirra sátu fundinn María Kristjánsdóttir forstöðumaður skóla- og velferðarsviðs Árnesþings og Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir félagmálastjóri Félagsþjónustu Árborgar. Einnig sat Katrín Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu fundinn frá kl. 15.00 og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar undir liðnum um uppgjör 2014.

Ritari fundarins: Ásgeir Magnússon

Dagskrá:

1. Fundargerð 89. fundar þjónusturáðs.

Fram var lögð starfsáætlun þjónusturáðs fyrir árið 2015 og var hún samþykkt.

2. Fundargerð 90. fundar þjónusturáðs.

- Beiðni um aukningu stöðugilda í skammtí mavistun vegna viðbótarþjónustu. Stjórnin samþykkir beiðnina.
- Beiðni um hækun á NPA samningi. Stjórnin samþykkir að hækka samninginn sem nemur kostnaði við tvær næturvakir á viku. Öðrum þáttum erindisins er frestað.
- Beiðni um aukningu stöðugildis í Vallholti vegna séraðstæðna. Samþykkt að ráða starfsmann úr AMS til að mæta þessari þörf.
- Kynnt var skýrsla um úrræði fyrir fatlaða einstaklinga á Hvolsvelli. Stjórnin frestar afgreiðslu þessa erindis og vísar því til aðalfundar Bergrisans, en samþykkir að erindið verði kynnt á vofundi sem fyrirhugaður er síðar í þessum mánuði.

3. Samningur við Sólheima framlenging.

Fram var lagður samningur við Sólheima dagsettur 23. mars 2015 sem er tímabundin framlenging á fyrri samningi og gildir til 31. desember 2015. Samþykkt.

4. Samningur milli sveitarfélaganna sem mynda byggðarsamlagið Bergrisann.

Fram voru lögð til skoðunar drög að samningi milli sveitarfélaganna sem mynda byggðasamlagið. Afgreiðslu frestað.

5. Samningur byggðasamlagsins við Sveitarfélagið Árborg um sameiginlega þætti.

Fram voru lögð drög að samningi byggðasamlagsins Bergrisans við Árborg. Afgreiðslu frestað.

6. Uppgjör 2014.

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar fór yfir og kynnti fjárhagsstöðu og uppgjör málaflokksins fyrir árið 2014. Ljóst er að fjárvöntun til rekstrar málaflokksins er á annað hundrað milljónir króna. Þetta er staðan þrátt fyrir búsetu úrræðum hafi aðeins fjölgað um eitt og Bergrisinn sé aðeins með tvo litla NPA samninga.

Stjórnin leggur til við vofund að eftirfarandi bókun verði samþykkt á fundinum:

Vofundur Bergrisans bs. krefst þess að endurskoðun á samningu ríkis og sveitarfélaga verði hraðað og í þeim tryggt að nægjanlegt fjármagn til rekstrar málaflokksins og jafnframt gert

ráð fyrir fjármagni til fjölgunar á úrræðum fyrir þjónustuþega, að öðrum kosti er ekki annað í stöðunni en að ríkið taki á ný við málaflokknum.

7. SIS- mat niðurstöður endurmats
Frestað

8. Uppbygging búsetuúrræða – svör Þroskahjálpar og Brynju hússjóðs við erindum þar að örlútandi.

Í svari Brynju hússjóðs kemur fram að vegna mikillar ásóknar í húsnæði geti hússjóðurinn ekki sinnt verkefni sem þessu.

Í svari Þroskahjálpar kemur fram að sjóðurinn er til viðræðna um slíkt verkefni, en þó verði að vera tryggt að fullbyggt hús verði ekki samtökunum fjárhagsleg byrði.

Miðað við þessi svör og fjárhagsstöðu verkefnisins er ljóst að ekki eru forsendur til að ráðast í að fjölga búsetuúrræðum.

9. Til kynningar.

a) **Synjun velferðarráðuneytisins á beiðni um endurgreiðslu kostnaðar vegna notendaráðs 2014.** Stjórnin harmar þessa afgreiðslu ráðuneytisins þar sem gert var ráð fyrir þessu í framkvæmdaáætlun 2012 – 2014.

b) **Aðkoma Jöfnunarsjóðs að kostnaði vegna greiningar á niðurstöðum rannsóknar Félagsvísindastofnunar.** Lagt fram til kynningar.

c) **Bréf til velferðarráðuneytisins vegna íbúða í Birkihólum og Engjavegi.** Lagt fram til kynningar.

d) **Skýrslur þjónusturáðs um :**

- NPA
- Atvinnumál
- Búsetumál

10. Undirbúningur Vorfundar

Ákveðið var að halda vorfund Bergrisans 30. apríl n.k. kl. 13.00 og er stefnt að því að fundarstaðurinn verði í Uppsveitum Árnessýslu.

Formanni falið að ganga frá fundarstað og auglýsa fundinn

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.40

Ásta Stefánsdóttir formaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Ásgeir Magnússon

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

María Kristjánsdóttir

Ingibjörg Garðarsdóttir

Katrín Þorsteinsdóttir